

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Góðan dag,
Forsætisráðuneytið vísar til erindis Kópavogsbæjar frá 14. maí sl., þar sem óskað er umsagnar við skipulagslýsingu vegna gerð deiliskipulags við Þríhnúkagíga og nágrenni.
Ráðuneytið hefur átt í samskiptum við bæjarfélagið vegna þessa og veitti m.a. umsögn sína um málið 8. maí sl.

Með vinsemd og virðingu, Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu.

Höfundur: Regína Sigurðardóttir

Sent inn þann: 19.05.2026 , **Fyrir hönd:** Forsætisráðuneytið

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Vegna sveitastjórnarkosninga fundar hvorki núverandi né ný skipulags- og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar á auglýstum kynningartíma skipulagslýsingar. Af þeim sökum mun Mosfellsbær ekki veita formlega umsögn um fyrirliggjandi gögn en tillagan verður kynnt nefnd á öðrum stigum máls.
F.h. Mosfellsbæjar,
Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi

Höfundur: Kristinn Pálsson

Sent inn þann: 26.05.2026 , **Fyrir hönd:** Mosfellsbær

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Ásdís Ólafsdóttir

Sent inn þann: 05.06.2026

Viðhengi:

3.1.Bókun 59. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu.pdf



Kópavogsbær
Umhverfissvið
Skipulagsdeild

Kópavogi, 5. júní 2026
Málsnr. 2605004
ÁÓ

Efni: Umsögn vegna máls nr. 480/2026 Þríhnúkar, skipulagslýsing.

Á 59. fundi samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu, sem fram fór 28. maí sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2605004 - KÓP Þríhnúkar

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá úr Skipulagsgátt HMS frá Kópavogsbæ, dags 14. maí 2026, vegna skipulagslýsingar nýs deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni.

Niðurstaða fundar:

Í samráðshópi um vatnsvernd og nýtingu sitja meðal annars fulltrúar vatnsveitna og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna, auk fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þessir aðilar eru meðal tilgreindra samráðs- og umsagnaraðila málsins.

Samráðshópur um vatnsvernd og nýtingu mun því ekki veita umsögn um málið á þessu stigi, enda verður málið tekið til umfjöllunar hjá framangreindum aðilum. Samráðshópurinn áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á síðari stigum.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að setja bókun fundarins í Skipulagsgátt HMS.

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera ekki athugasemdir á þessu stigi.

Eins og fram kemur í lýsingunni er skipulagssvæðið innan vatnsverndarsvæðis. Veitur taka undir að mikilvægt er að hafa vatnsvernd að leiðarljósi við frekari skipulagsvinnu, hönnun og framkvæmdir á svæðinu.

Veitur benda jafnframt á að ef tengja þarf fyrirhugaða starfsemi við innviði Veitna, meðal annars heitt vatn eða rafmagn, er langt í næstu tengipunkta.

Veitur leggja áherslu á gott samráð á öllum stigum skipulags- og framkvæmdavinnu.

Höfundur: Þór Tjörvi Þórsson

Sent inn þann: 08.06.2026 , **Fyrir hönd:** Veitur

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Henný Helga Hafsteinsdóttir

Sent inn þann: 08.06.2026 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Viðhengi:

5.1.Umsögn MÍ 8 júní 2026 - Þríhnúkar deiliskipulagslýsing.pdf

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 8. júní 2026
MÍ202605-0096/ 6.09 / 0875

Efni: Þríhnúkar, Kópavogur - deiliskipulagslýsing -

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 14. maí 2026 þar sem fram kom að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni, mál nr. 0480/2026. Hægt var að hlaða niður greinargerð dagsett 16. apríl 2026. Ekki liggur fyrir endanleg afmörkun skipulagssvæðisins, en það mun taka til Þríhnúkagígs (AF-1) ásamt hluta af óbyggðu svæði (ÓB-2) í nágrenni Þríhnúka.

Fyrir liggja tvær fornleifaskráningar á þessu svæði, sjá meðfylgjandi mynd. Annars vegar skýrslan *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, (verkefnisnúmer 2100) unnin af Fornleifafræðistofunni árið 2019 í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar á svæðinu. Einnig liggur fyrir skýrslan *Fornleifaskráning í Kópavogi í landi Vatnsness vegna aðgengis að Þríhnúkagíg*, (Verkefnisnúmer 2508) sem unnin var af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi árið 2011 í tengslum við þáverandi hugmyndir um bætt aðgengi að Þríhnúkagíg, sem náðu ekki fram að ganga. Samkvæmt þeirri skýrslu voru skráðar tvær fornleifar, hleðsla (101) og garðlag (102), á svæðinu sem báðar eru staðsettar í Langahelli.

Í ljósi ósamræmis á fyrirliggjandi fornleifaskráningum er það mat Minjastofnunar að nauðsynlegt sé að láta kanna allt skipulagssvæðið betur á vettvangi. Ekki þarf þó að ráðast aftur í heimildavinnu, umfram þá sem gerð gerðar hafa verið við fyrri skráningar. Skal vettvangskönnunin framkvæmd af fornleifafræðingi með reynslu á sviði fornleifaskráningar og kostuð af þeim sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni. Allar sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á deiliskipulagsupphrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt friðhelgundarsvæði þeirra. Er þetta í samræmi við 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þegar uppfærð fornleifaskráning liggur fyrir þurfa uppfærð skipulagsgögn að koma inn á ný til umsagnar Minjastofnunar Íslands svo hægt sé að meta áhrif framkvæmda á fornleifar.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Henny Hatsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis



(<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>)

Bláir flákar sýna skráningarsvæði vegna fornleifaskráninga, verkefnisnúmer 2100 og 2508.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sæta kæru til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá tilkynningu um ákvörðun og fer málsmeðferð stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Axel Benediktsson

Sent inn þann: 09.06.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

6.1.Umsögn Þríhnúkar.pdf

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

8. júní 2026
202605-0070/A.B.

Efni: Umsögn – Lýsing - Deiliskipulag - Þríhnúkar - Kópavogsbær.

Inngangur

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar er barst 20. maí sl. vegna lýsingar fyrir nýtt deiliskipulag Þríhnúkagígs og nágrennis fyrir ferðapjónustu, útivist, aðgengi, gönguleiðir, þjónustuhús og fráveitu við Þríhnúkagíg.

Í lýsingu kemur fram að markmið skipulagsvinnunnar sé að móta framtíðarsýn um ferðapjónustu við Þríhnúka og aðgengi að svæðinu. Náttúruverndarstofnun telur það jákvætt að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið en leggur áherslu á að skipulagið taki mið af verndargildi Þríhnúkagígs og Bláfjallafólkvangs.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í lýsingunni er ekki fyllilega skýrt hvort þær sviðsmyndir sem áður hafa verið lagðar til grundvallar í greiningum vegna Þríhnúkagígs séu þeir valkostir sem nú verði teknir til skoðunar við gerð deiliskipulagsins. Stofnunin telur mikilvægt að þetta komi skýrt fram í skipulagsgögnum, enda hefur val á valkostum verulega þýðingu fyrir mat á áhrifum á friðlýst svæði, jarðmyndanir, landslag og vatnsvernd.

Umsagnir á fyrri stigum

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin, þá Umhverfisstofnun, veitti umsögn um heildarendurskoðun á aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 þann 3. maí 2021, þar sem segir, með þeim forsendum sem þá lágu fyrir:

Í greinargerð kemur fram að hugmyndir eru um jarðgöng í Þríhnúkagíg, móttökuaðstöðu og skilgreindur er aðkomuvegur að gígnum á uppdrætti. Umhverfisstofnun telur að gerð jarðganga að gígnum og gerð aðkomuvegar og bílastæðis mun hafa veruleg neikvæð óafturkræf umhverfisáhrif fyrir svæðið í för með sér. Hraun fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á að skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur tillagan ekki sýnt fram á réttlætingu á röskun á hrauni með gerð jarðganga, aðkomuvegar og bílastæðis við Þríhnúkagíg.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi frummatsskýrslu framkvæmda við Þríhnúkagíg dags. 4. september 2012. Í niðurstöðunum

segir: „Að mati Umhverfisstofnunar koma ofangreindar framkvæmdir til með að hafa varanleg óafturkræf áhrif á Þríhnúkagíg og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdirnar hafa umtalsverð umhverfisáhrif á jarðmyndanir sem eru einstakar á heimsvísu.“

Friðlýst svæði og Bláfjallafólkvangur

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið sé innan friðlýsts fólkvangs og auk þess kemur fram að Þríhnúkar séu í hraunbreiðu rúmlega 3 km norðvestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og að gróður einkennist af mosavöxnum hraunum og grýttum mosagrónum holtum.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að deiliskipulagið geri skýra grein fyrir verndarmarkmiðum Bláfjallafólkvangs og hvernig fyrirhuguð uppbygging samræmist þeim.

Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja að aukið aðgengi og þjónusta rýri ekki verndargildi svæðisins, upplifun af lítt röskuðu hraunalandslagi eða útivistargildi fólkvangsins. Uppbygging ætti að vera lágstemmd og vel afmörkuð.

Stofnunin leggur áherslu á að akstur að gígnum verði takmarkaður við nauðsynlegan rekstur, öryggi, eftirlit og viðhald. Gönguleiðir þurfa að vera skýrt afmarkaðar og þannig útfærðar að komið verði í veg fyrir akstur utan vega, og rask á mosavöxnu hrauni. Einnig þarf að meta burðarþol svæðisins gagnvart fjölda gesta.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í lýsingu kemur fram að á svæðinu séu jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun og gígar njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðinu og að forðast ber röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til.

Að mati stofnunarinnar þarf deiliskipulagið að byggja á kortlagningu hrauns, gíga, sprungna og annarra jarðminja. Staðsetning byggingarreita, gönguleiða, fráveitu og annarra mannvirkja þarf að taka mið af þeirri kortlagningu. Ef rask á jarðminjum er talið óhjákvæmilegt þarf að rökstyðja það sérstaklega, fjalla um valkosti og setja fram mótvægisaðgerðir.

Landslag og ásynd

Í lýsingu kemur fram að þjónustuhús skuli falla sem best að landslagi og að rask verði sem minnst. Náttúruverndarstofnun tekur undir það og bendir á að jafnvel lítil mannvirki geta haft sýnileg áhrif í opnu hraunalandslagi.

Að mati stofnunarinnar þarf að gera grein fyrir sýnileika mannvirkja, lýsingar, skilta og gönguleiða frá helstu sjónarhornum. Deiliskipulagið þarf að setja skýra skilmála um hæð, umfang, efnisval, litaval, lýsingu og frágang mannvirkja, með hliðsjón af 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisveitingar

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er innan Bláfjallafólkvangs. Samkvæmt auglýsingu nr. 173/1985 um fólkvang í Bláfjöllum er óheimilt að gera jarðrask á svæðinu

nema með leyfi stofnunarinnar og er hvers konar mannvirkjagerð háð samþykki hennar. Í auglýsingunni er vísað til Umhverfisstofnunar, en Náttúruverndarstofnun fer nú með viðeigandi hlutverk gagnvart friðlýstum svæðum.

Í deiliskipulaginu þarf því að koma skýrt og afdráttarlaust fram að framkvæmdir, jarðrask og mannvirkjagerð innan fólkvangsins eru háð leyfi eða samþykki Náttúruverndarstofnunar áður en framkvæmdir hefjast.

Valkostir

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að valkostagreining í deiliskipulaginu taki mið af náttúruvernd, vatnsvernd, verndargildi Bláfjallafólkvangs og upplifun gesta af lítt röskuðu landslagi. Valkostir skulu metnir út frá því hvaða útfærsla veldur minnstu raski á hrauni, jarðmyndunum, gróðri, landslagi og vatnsverndarsvæði.

Stofnunin leggur áherslu á að upplifun gesta hefst þegar komið er inn í fólkvanginn, ekki aðeins við sjálfan gíginn. Umfangsmikil mannvirki, ný akstursleið eða bílastæði nær gígnum, t.d. fyrir fjölda fólksbíla og hópferðabíla, geta því haft áhrif á heildarupplifun af svæðinu og rýrt ásýnd og verndargildi fólkvangsins.

Stofnunin hefur sérstakar áhyggjur af staðsetningu og útfærslu þjónustuhúss við gíginn. Núverandi lausn hefur stuðlað að lágmarksraski, m.a. þar sem aðstaða og búnaður hafa verið flutt að svæðinu með varkárni.

Jarðfræðileg áhættugreining og náttúruvá

Í lýsingu kemur fram að vinna þurfi frekari greiningar fyrir svæðið, meðal annars áhættumat vegna jarðhræringa. Náttúruverndarstofnun tekur undir að slíkt mat þurfi að liggja fyrir áður en deiliskipulagstillaga verður auglýst.

Að mati stofnunarinnar þarf matið að fjalla um jarðfræðilegar aðstæður, öryggi gesta, áhrif mögulegra jarðhræringa á mannvirki og viðbragðsáætlanir. Slík greining þarf jafnframt að taka mið af því að viðbragðs- og öryggisráðstafanir valdi ekki óþarfa raski á friðlýstu svæði eða jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar.

Samráð

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að Kópavogsbær haldi sérstakan samráðsfund með Náttúruverndarstofnun áður en vinnslutillaga að deiliskipulagi verður fullmótuð. Á fundinum verði farið yfir afmörkun skipulagssvæðis, valkosti, staðsetningu mannvirkja, gönguleiðir, mögulegt jarðrask, skilmála um ásýnd og frágang, leyfismál og hvernig tryggt verði að skipulagið samræmist verndarmarkmiðum Bláfjallafólkvangs.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

René Biasone
svæðissérfræðingur

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn send fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Höfundur: Svava Svanborg Steinarsdóttir

Sent inn þann: 09.06.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar

Viðhengi:

7.1.HER_umsögn_Þríhnúkagíar_09_06_26.pdf



Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík 9.júní 2026
HER-202605-8021

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 480/2026 í skipulagsgátt, Þríhnúkar. Skipulagslýsing.

Við er til máls mál nr. 480/2026 í skipulagsgátt, Þríhnúkar. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER gagnrýnir að ekki er tekið fram í skipulagslýsingu hvernig fullnægja eigi orkupörf mannvirkja á svæðinu. Helsta hættan fyrir vatnsvernd er flutningur, notkun og meðhöndlun olíu á svæðinu. Þegar hefur orðið eitt mengunaróhapp við flutning olíu inn á svæðið og mikilvægt að dregið sé úr slíkum flutningum eða þeir gerðir eins öruggir og unnt er. Gera þarf grein fyrir geymslu og notkun olíu á svæðinu sé slíkt fyrirhugað og hvaða mótvægisáðgerða á að grípa til. HER telur að ávarpa ætti í deiliskipulagi hvernig unnt væri að draga úr mengunarhættu tengdri orkunotkun á svæðinu, s.s. með því að setja upp sólarsellur á þjónustuhús eða leita annarra leiða til að tryggja að orkupörf sé fullnægt án þess að ógna vatnsvernd.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekar athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Hörður Þorsteinsson

Sent inn þann: 09.06.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Viðhengi:

8.1.Þríhnúkar lýsing, nýtt deiliskipulag - umsögn HEF.pdf

Kópavogsbær
Skipulagssvið
Skipulagsgátt mál nr. 480/2026

Kópavogur, 9. júní 2026
Tilvísun: K-22334

Efni: Lýsing á fyrirhuguðu skipulagssvæði Þríhnúkagígs.

Lýsing

Fyrirhugað er að skipulagssvæðið taki til Þríhnúkagígs ásamt gönguleiðum og öðrum mannvirkjum vegna aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og útivist í nágrenninu. Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði og óbyggt svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Meginmarkmið skipulagsvinnunnar er að móta framtíðarsýn um ferðaþjónustu starfsemi við Þríhnúka og aðgengi að svæðinu.

Umfjöllun

Þríhnúkagígur og skíðasvæðið í Bláfjöllum eru á fjarsvæði vatnsverndar. Skýr krafa er í öllum tilfellum að tryggt verði að grunnvatn mengist ekki vegna framkvæmda eða reksturs á svæðinu, enda mengun vatns óheimil sbr. ákvæði reglugerðar nr.796/1999 um mengun vatns og í reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Í skýrslu Mannvits frá desember 2017 (Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll, áhættumat gagnvart vatnsvernd) er fjallað um þær mótvægisáðgerðir sem gerðar eru kröfur um gagnvart starfseminni. Helstu þættir sem huga þarf að eru, að fyrir liggi viðbragðsáætlun, umhverfis- og öryggisáætlun, búnaður til hreinsunar ef óhapp verður á svæðinu, takmörkun á magni og umferð olíu inn á svæðið og reynt verði að nota umhverfisvæn efni á tæki og tól. Í samræmi við tillögur sem fram komu í skýrslunni hefur verið unnið við uppbyggingu á Bláfjallavegi, flái minnkaður, vegurinn breikkaður og hámarkshraði lækkaður. Þær áðgerðir styðja við aukna starfsemi á svæðinu.

Niðurstaða

Heilbrigðiseftirlitið hefur fylgst vel með starfsemi við Þríhnúkagíg frá því fyrsta starfsleyfi til rekstursins var gefið út í febrúar 2012 og getur staðfest að vel hefur verið staðið að öllum framkvæmdum og rekstri á svæðinu með tilliti til vatnsverndar og viðkvæmni svæðisins.

Heilbrigðiseftirlitið gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagslýsingu, en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum, ef ástæða er til.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Höfundur: Cecilía Þórðardóttir

Sent inn þann: 09.06.2026 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

Viðhengi:

9.1.480_2026 Þríhnúkar.pdf

Nýtt deiliskipulag

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag:	Kópavogsbær
Nafn:	Karlotta Helgadóttir
Netfang:	-

Nýtt deiliskipulag:

Nafn skipulags:	Þríhnúkar
Hönnuður:	Kópavogsbær
Dags. gagna:	16. apríl 2026
Málsnúmer á skipulagsgátt:	480/2026

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar:	Bláfjallaleið
Númer-kafla:	417-02
Vegflokkur:	Tengivegur
Vegtegund:	C8
Breidd veghelgunarsvæðis *	15m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	200m

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir en bendir á eftirfarandi athugasemdir:

Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Æskilegt er að fjarlægðir á milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits. Lágmarksfjarlægðir á milli tenginga má sjá í samantekt hér að framan.

Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Vegagerðin óskar eftir samvinnu við skipulag svæðisins vegna mögulegra áhrifa á Bláfjallaleið.

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2306-1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri hjá Höfuðborgarsvæði

Síða 2/2

Vegagerðin

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Inside the Volcano

Höfundur: Björn Ólafsson

Sent inn þann: 09.06.2026

Viðhengi:

10.1.Athugasemdir við skiputlagslýsingu.pdf

Varðar: Mál nr. 480/2026, skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag Þríhnúkaígis

Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar við skipulagslýsinguna, sem 3H Travel ehf. vill koma á framfæri við áframhaldandi skipulagsvinnu. Ábendingar eiga við ákveðna kafla lýsingarinnar.

Kaflí 3.1 Þjónustuhús

Í upptalningu á mögulegri starfsemi sem geti verið í þjónustuhúsi er mikilvægt að gert sé ráð fyrir veitinga- og móttökuaðstöðu fyrir gesti.

Við skilgreiningu lóða og byggingarreita er skynsamlegt að hafa afmörkun vel rúma til að girða ekki fyrir umhverfisvænar og góðar lausnir sem upp kunna að koma í nánari greiningarvinnu og/eða samráði við hagsmunaaðila/umsagnaraðila/leyfisveitendur.

Kaflí 3.2 Aðkoma og gönguleiðir

Til að einfalda skipulagið er lagt til að deiliskipulagssvæðið verði skilgreint nokkuð þröngt til að einfalda framkvæmd þess. Ef skipuleggja á gönguleiðir um aðliggjandi svæði er lagt til að slíkt verði hluti af sérstöku deiliskipulagi fyrir gönguleiðir og aðra útivist.

Kaflí 4.1 Vatnsvernd

Í liðinni viku var kynnt nýtt áhættumat og afmörkun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem m.a. tekur mið af rekstri skíðasvæðisins í Bláfjölum, þar sem allt að 6.000 gestir koma á annasömustu dögum. Núverandi starfsemi í Þríhnúkum og fyrirhuguð uppbygging er mun umfangsminni en þau áform sem lágu til grundvallar mati á umhverfisáhrifum árið 2012 og geta rekstarins og lyftubúnaðar er að hámarki um 200 gestir á dag. Vandséð er að deiliskipulagið krefjist endurskoðunar á nýkynntu mati og vatnsverndarafmörkun.

Annað

Hluti af viðfangsefni nýs deiliskipulags er skipulag innviða. Mikilvægt er að það fjalli um framtíðarfyrirkomulag rafveitu og vatnsveitu, t.d. hvort þær fylgi aðkomuleið eða skuli liggja annars staðar. Jafnframt að heimilt verði að leggja veitulagnir í jörðu.

Huga þarf að aðkomu neyðartækja.

Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri 3H Travel ehf.

Vegna: Máls nr. 0480/2026, Þríhnúkar (Lýsing)

Athugasemd:

Svarbréf skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Höfundur: Karlotta Helgadóttir

Sent inn þann: 11.06.2026 , **Fyrir hönd:** Reykjavíkurborg

Viðhengi:

11.1.Svarbréf frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa - Kópavogsbær.pdf



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 11. júní 2026
USK26050295

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Þríhnúkar - Nýtt deiliskipulag - Lýsing

Lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 14. maí 2026, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu, dags. 16. maí 2026, vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni. Meginmarkmið skipulagsvinnunnar er að móta framtíðarsýn um ferðaþjónustu starfsemi við Þríhnúka og aðgengi að svæðinu.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa
Margrét Þorvaldsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík